

Gos í Eyjafjallajökli - staða 5. maí 2010 kl. 18:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Hjaltadóttur, Birni Oddssyni, Agli Axelssyni, Matthew J. Roberts, Sigrínu Hreinsdóttur, Freysteini Sigmundssyni.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, flugi Landhelgisgæslunnar í gær, MODIS gervihnattamynd og tilkynningum frá fólki, bæði símleiðis og á vef VÍ.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Mökkur að jafnaði í 5,5-6,5 km skv. ratsjá Veðurstofunnar. Athuganir kl 17:45 sýna 7,2 km 40 km SA af gostöðvum og 8 km kl 16:55 rétt SA af gosst. Kl. 14:50 er hæð 18-20.000 fet (5,5-6 km) skv. upplýsingum frá Flugstoðum. Upplýsingar klukkan 17:50 frá Boeing 757 vél: mökkur kolsvartur í 21.000 fetum (6,5 km).

Stefna: Eins og í gær, til austsuðausturs yfir landi og svo til suðausturs (metið út frá MODIS gervihnattamynd kl.12:45.

Litur: Kolsvartur (séð úr þotu, sjá að ofan). Blámóða sést frá Álftaveri.

Gjóskufall: Vitað um gjóskufall á Sólheimaheiði, við Hjørleifshöfða og í Álftaveri.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst síðasta sólarhringinn á kerfi VÍ.

Drunur: Háværar drunur í nótt undir Eyjafjöllum svo vart var svefnfriður. Drunur virðast berast langar leiðir, m.a. til Bjarnarhafnar (í gær), Suðurnesja (Hafna), í Borgarfirði, Dalasýslu og kl 07:22 í morgun í Reykjavík (Skerjafirði).

Bræðsluvatn: Bræðsluvatn: Vegna hlýinda og leysinga sl. sólarhring jókst rennsli í Markarfljóti og náði hámarki um miðnætti. Rennsli frá Gígjökli virðist hins vegar fara minnkandi og eru hitasveiflur í vatnshita við gömlu Markarfljótsbrúna tengdar lofthita. Ekki er hægt að greina á mælum neinar vatnsgusur undan Gígjökli. Á miðnætti barst viðvörðun vegna leiðni frá mælinum við Jökulsá á Sólheimasandi. Síðan þá hefur leiðnin hækkað frá því að vera 170  $\mu\text{S}/\text{cm}$  (miðnætti) og upp í 590  $\mu\text{S}/\text{cm}$  (kl:15:00). Hugsanlegt er að aska nái að berast í leysingavatnið frá Sólheimajökli. Sýni hafa verið tekin af vatninu til greininga.

Aðstæður á gosstað: Ekkert sést til gosstöðva í dag. Skv. flugi með LHG 04.05.2010: Gígur heldur áfram að hlaðast upp í nyrðsta ískatlinum. Hraun rennur til norðurs og breiðir úr sér í um 500 m h.y s. Hrauntungan er um 200 m breið og hraunrásir að henni eru um 30-60 m breiðar. Tröðin sem hraunið rennur um fer víkkandi.

Órói: Svipaður og í gærdag (4.maí).

Jarðskjálftar: Enn mældust skjálftar í nótt og í dag. Frá 3. maí hafa mælst á þriðja tug skjálftar, byrjuðu djúpt (18-23 km) en hafa einnig mælst grynnri, allt upp í 2 km undir jöklinum, rétt sunnan við og undir toppgígnum.

GPS-aflögun: Verulegar breytingar hafa orðið á færslu GPS-stöðva umhverfis Eyjafjallajökul síðustu tvo sólarhringa. Á stöðvum BAS2 og STE2, sem eru rétt norðan jökulsins, má nú á ný greina færslu til norðurs. Sunnan jökulsins færirst THEY (Þorvaldseyri, sjá meðfylgjandi mynd) nú til vesturs, og stöð FIM2, sem er nokkru austar, sýnir færslu til austurs.

Annað: Drunur heyrast í mikilli fjarlægð líklega vegna veðurskilyrða.

Heildarmat: Aukin skjálftavirkni bendir til þess að nýtt efni sé að koma djúpt að upp undir fjallið og GPS-mælingar benda til útpenslu á ný. Útpenslan er ekki mikil enn sem komið er. Ekkert bendir til þess að gosi sé að ljúka.